



Fréttabréf forseta

Mars 2016

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Nú líður að lokum ykkar starfstímabils sem formenn deilda og aðalfundir framundan hjá öllum á næstunni. Þessi tvö ár hafa örugglega liðið hratt, en þó þið ljúkið ykkar skyldum sem formenn í vor er gert ráð fyrir að þið verðið nýjum formönnum og nýrri stjórn til halds og trausts og sækjið stjórnarfundir, allavega framan af. Starfið heldur áfram þar sem frá var horfið og því mikilvægt að vera á hliðarlínunni. Ég bendi ykkur á fyrir aðalfundinn að skoða vel kaflann um deildir (kafla 4.1) í Handbókinni á vefnum. Einnig kafla 6 á bls. 3 í lögnum okkar. Mikilvægt er að aðalfundur sé formlegur, skipaður sé sérstakur fundarstjóri, skýrsla stjórnar lesin upp, gerð grein fyrir reikningum og kosning næstu stjórnar fari fram. Munið einnig eftir endurskoðendum.

Nýju stjórnirnar

Nú eru uppstillingarnefndir í deildum eflaust teknar til starfa og tillögur að nýjum stjórnnum deilda að fæðast. Ég minni á að í apríl eiga deildir að senda tillögur sína um nýja stjórn til landsambandsins og alþjóðasamtakanna.

Heimsóknir

Ég fékk tækifæri til að heimsækja þrjár deildir í marsmánuði og vil þakka þeim fyrir höfðinglegar móttökur og lærdómsríka og skemmtilega fundir. Það var yndislegt að vera með ykkur og fá að kynna ykkur og starfinu í deildunum. Ég hlakka til að heimsækja þær deildir sem ég á eftir að hitta og minni í því samhengi á nauðsyn þess að senda mér starfsáætlun deilda með dagsetningum á fundatímum svo ég geti skipulagt heimsóknir með góðum fyrirvara. Einnig hef ég í hyggju að reyna að fá þær deildir sem ég á eftir að heimsækja á suðvesturhorninu til að skipuleggja fundir sína næsta haust þannig að einhverjar þeirra verði með fundi í sömu vikunni. Þannig er hægt að „slá fleiri en eina flugu í höggi“ varðandi heimsóknirnar :-).

Vorþingið

Eins og þið vitið er dagskrá vorþingsins okkar komin á vefinn. Menntamálanefndin hefur unnið hörðum

höndum við að setja saman glæsilega dagskrá og kunnum við henni bestu þakki fyrir.

Undirbúningsnefnd um ytra skipulag sem í sitja tvær konur úr Gammadeild og tvær úr Lamdadeild eru einnig búnar að skipuleggja allt sem snýr að aðbúnaði. Hádegismatur og kaffimeðlæti hefur verið pantað o.s.frv. Efnt verður til happadrættis til styrktar góðu málefni og vonumst við til að allar konur sjái sér fært að styrkja það með kaupum á a.m.k. einum miða. Við minnum ykkur á að **skrá ykkur sem fyrst** og taka með ykkur gesti, en það er einmitt ágætis leið til að kynna samtökin.

Doktorspróf

Eins og ég minntist á í síðasta pistli er venjan á alþjóðþingum að geta sérstaklega þeirra kvenna sem lokið hafa doktorsprófi á tímabilinu. Ég hef nú

þegar sent póst á þær þrjár konur (úr Gamma, Eta og Mý), sem luku doktorsprófi á síðastliðnum tveimur árum og hvatt þær til að senda inn upplýsingar, en þær þarf að

senda fyrir 1. apríl. Endilega hvetjið þær til að bregðast við þessari ósk.

Umsókn í Lucile Cornetet sjóðinn

1. maí er næsta „deadline“ á að sækja um í einstaklingshluta Lucile Cornetet sjóðsins. Eins og kemur fram á umsóknareyðublaðinu og á vefsíðunni þeirra styrkir sjóðurinn konur í fræðslustörfum (ekki bara DKG konur) til að sækja :

„Conferences, Seminars, Lecture series, National certification, Online courses og Workshops and other non-degree programs“

Mest er hægt að fá styrk upp á 250 þúsund en stundum er hann lægri. Íslenskar konur hafa fengið styrk úr sjóðnum svo „miði er möguleiki.“ Endilega bendið ykkar félagskonum (eða þeim konum í fræðslustörfum sem þið þekkið) á að notfæra sér þetta tækifæri.

Bestu kveðjur!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG

**Verum virkar –
styrkjum starfið**